

Það er eðlilegt að foreldrar hafi spurningar á meðgöngu og það er víða hægt að fá svör við þeim.

Heilsuvera.is

Á vefnum heilsuvera.is eru upplýsingar um meðgöngu, þær breytingar sem verða á meðgöngu, líðan og fylgikvilla meðgöngunnar. Þar má finna svör við ýmsum vangaveltum og áhyggjum vegna meðgöngunnar.

Á heilsuveru er þjónusta hjúkrunarfræðinga frá 8 til 22 alla daga bæði í netspjalli og síma 513-1700. Á heilsuveru er einnig í boði að ræða við ljósmóður frá kl. 10 til 12 alla virka daga.

Heilsugæslustöðin þín

Á hverri heilsugæslustöð eru ljósmæður, hjúkrunarfræðingar og læknar sem veita símaráðgjöf alla virka daga frá kl. 8:00-16:00.

Það er einnig hægt að senda fyrirspurn til ljósmæðra og lækna á heilsugæslustöðinni í gegnum Mínar síður á Heilsuveru.is.

Vaktsími

Hjúkrunarfræðingar svara vaktsímanum **1700** allan sólarhringinn, veita ráðgjöf, leiðbeiningar og vísa áfram eftir þörfum.

Kvennadeild Landspítala

Bráðapjónusta er veitt allan sólarhringinn á kvennadeild Landspítala - sími 543-1000. Hægt er að hafa samband við bráðapjónustu kvennadeilda allan sólarhringinn ef blæðir frá leggöngum, ef grunur er um legvatnsleka eða byrjandi fæðingu. Frá 28. viku meðgöngu er hægt að hafa samband vegna minnkaðra fósturhreyfinga.

112 Neyðarlínan

Alltaf skal hafa samband beint við Neyðarlínuna ef um bráðatilvik, slys og miklar blæðingar er að ræða.